

# Tilkynning til inn- og útflytjenda nr. 2/2005

## Ný lög og breytingar á lögum, birt í A deild stjórnartíðinda:

### **I. Lög um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.**

Lög nr. 15/2005.

Tóku gildi 23. mars 2005. (útgáfud. stjtið 22. mars 2005)

Í lögnum er m.a. kveðið á um að fyrirælum, er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis, má eigi beita fyrr en birting í Stjórnartíðindum hefur farið fram, nema þau geymi ákvæði algerlega einkamálaeðlis og aðilar hafi komið sér saman um að skipti þeirra skuli fara eftir óbirtum fyrirælum. Óbirt fyriræli binda þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra. Birt fyriræli skulu binda alla frá og með deginum eftir útgáfudag þeirra Stjórnartíðinda þar sem fyrirælin voru birt ef þau geyma ekki aðrar ákvarðanir um gildistöku sína.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

### **II. Lög um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.**

Lög nr. 36/2005.

Tóku gildi 26. maí 2005 (útgáfud. stjtið 25. maí 2005)

Í lögnum er kveðið á um að á eftir 17. gr. laganna komi ný málsgrein, 17. gr. a, er orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### *Bann við sölu á veiðifangi*

*Umhverfissráðherra er heimilt með reglugerð, þegar friðun einstakra fuglategunda er aflétt í samræmi við ákvæði 17. gr, að banna sölu á þeim fuglum og afurðum þeirra, enda sé talið nauðsynlegt vegna ástands viðkomandi stofns að takmarka veiðar.*

*Óheimilt er að flytja út, bjóða til sölu eða selja fugla og afurðir fugla sem ráðherra hefur bannað sölu á skv. 1. mgr. Með sölu er átt við hvers konar afhendingu gegn endurgjaldi.*

*Sölubann sem ráðherra ákveður skv. 1. mgr. nær ekki til innfluttra fugla og fuglaafurða þeirra tegunda sem bannið tekur til. Innflytjanda og seljanda ber að tryggja að innfluttar fuglategundir og afurðir þeirra séu þannig merktar að fram komi í hvaða landi þær eru upprunnar.*

Þá er í lögnum kveðið á um að brot gegn framangreindu ákvæði geti varðað refsiaþbyrgð.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

### **III. Lög um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.**

Lög nr. 40/2005.

Tóku gildi 26. maí 2005 (útgáfud. stjtið 25. maí 2005)

Í lögnum er kveðið á um að dómsmálaráðherra geti með reglugerð kveðið nánar á um fyrirkomulag veitingar leyfa til innflutnings, heildsölu eða framleiðslu áfengis í atvinnuskyni.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

#### **IV. Lög um breytingu á lögum nr. 55/2002 um útflutning hrossa.**

Lög nr. 55/2005.

Tóku gildi 31. maí 2005 (útgáfud. stjótið 30. maí 2005)

Með lögnum er gerð breyting á orðalagi 1. gr. laganna og orðast greinin svo:

*Útflutningur á hrossum er heimill án sérstakra leyfa að uppfylltum skilyrðum laga þessara og stjórnvaldsfyrirmælum settum samkvæmt þeim. Þó má ekki flytja úr landi yngri hross en fjögurra mánaða eða fylfullar hryssur sem gengnar eru með sjö mánuði eða lengur.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

#### **V. Lög um breyting á lögum nr. 87/2004, um oliugjald og kílómetragjald o.fl.**

Lög nr. 70/2005.

Taka gildi 1. júlí 2005.

Með lögnum er bætt við ákvæði til bráðabirgða og orðast greinin svo:

*Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga þessara skal fjárhæð oliugjalds vera 41 kr. á hvern lítra af olíu frá gildistöku laga þessara til 31. desember 2005.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

#### **VI. Lög um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.**

Lög nr. 72/2005.

Taka gildi 1. júlí 2005.

Með lögum um breytingu á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt er heimilað að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af vetnisbifreiðum, svo og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimild þessi nær eingöngu til vetnisbifreiða sem hafa í för með sér hverfandi mengun og gildir til 31. desember 2008.

Þá er með breytingu á lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. tilgreint að ökutæki sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni, séu undanþegin gjaldskyldu samkvæmt lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl. Undanþága þessir gildir til 31. desember 2008.

Við lög nr. 97/1987 um vörugjald bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo: *Heimilt er að fella niður eða endurgreiða vörugjald af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglugerð um framkvæmd eftirgjafarinnar.*

Við tollalög nr. 55/1987 bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo: *Heimilt er að fella niður eða endurgreiða toll af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni. Heimildin gildir til 31. desember 2008. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirgjafarinnar.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindum lögum.

## **Sjórnvaldsfyrirmæli, birt í B deild stjórnartíðinda:**

### **I. Reglugerð um tóbaksgjald og merkingar tóbaks.**

Reglugerð nr. 1082/2004.

Tók gildi 17. janúar 2005.

Með reglugerðinni var gert skylt að greiða sérstakt gjald til ríkissjóðs, tóbaksgjald, af tóbaki sem flutt er til landsins eða framleitt er hér á landi. Innflytjandi, sem flytur inn tóbak í atvinnuskyni, skal áður en innflutningur tóbaks hefst tilkynna atvinnurekstur sinn til tollstjórans í Reykjavík. Tollstjórinn skal úthluta innflytjanda einkvæmu tilvísunarnúmeri sem honum ber að skrá í aðflutningsskýrslu þegar innflutningur tóbaks fer fram. Sjá nánar í B-deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### **II. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 993/2004 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir viltra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.**

Breytt með reglugerð nr. 5/2005.

Tók gildi 10. janúar 2005.

Með breytingunni var bætt við ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar á þann veg að ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar öðlast ekki gildi fyrr en 1. apríl 2005.

[Smellið hér](#) til fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### **III. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 331/200, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.**

Breytt með reglugerð nr. 176/2005.

Tók gildi 11. febrúar 2005.

Með breytingunni varð orðalag 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi: *“Vörugjald skal falla niður af bifreiðum, sem eru sérstaklega búnar til flutnings á fötluðum, þ.m.t. búnar hjólastólalyftu og samþykktar af Tryggingastofnun ríkisins. Skilyrði fyrir niðurfellingu er að bifreiðin verði skráð eign ríkis, sveitarfélaga eða stofnana þeirra eða hins fatlaða sjálfs. Þó er heimilt ef hinn fatlaði er barn að skrá bifreiðina á forráðamann barnsins.”*

[Smellið hér](#) til fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### **IV. Reglugerð um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu.**

Reglugerð nr. 224/2005.

Tók gildi 28. febrúar 2005.

Reglugerð þessi kveður á um gildistöku EES-gerða um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og frá Evrópubandalaginu, með vísan til meginmáls EES-samningsins, XX. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

## V. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

Breytt með reglugerð nr. 235/2005.

Tók gildi 24. febrúar 2005.

Gerðar eru breytingar á staðsetningu landamærastöðva með tilkomu reglugerðarinnar og kveðið á um það að fiskimjöl megi aðeins fara um landamælastöðar í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri sem og að lifandi sjávardýr megi aðeins fara um Keflavíkurflugvöll.

Með breytingunni varð orðalaga 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar svohljóðandi:

*“Landamærastöðvar skulu staðsettar á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Hafnarfirði, Húsavík, Ísafirði, Keflavíkurflugvelli, Reykjavík og Þorlákshöfn. Fiskmjöl má aðeins fara um landamærastöðvar í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri. Lifandi sjávardýr mega aðeins fara um landamærastöð á Keflavíkurflugvelli.”*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

## VI. Reglugerð um (2.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

Breytt með reglugerð nr. 240/2005.

Tók gildi 3. mars 2005.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings hvítkáls í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0704.9001	Hvítkál	07.03.05- 30.06.05	ótilgr.	0	0

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

## VII. Reglugerð um breytingu á reglugerð um notkun erlendra ökutækja, nr. 267/1993.

Breytt með reglugerð nr. 269/2005.

Tók gildi 10. mars 2005.

Breyting var gerð á orðalagi Viðauka I við reglugerðina. Tilgreint er í viðauka I að ökutæki frá tilteknum ríkjum (sjá nánar í reglugerðinni sjálfri) teljast hafa fullnægjandi ábyrgðartryggingu við komu til landsins og þurfa ekki að framvísa grænu korti því til staðfestingar, sbr. þó undantekningar í viðauka II.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

## VIII. Gjaldskrá vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldskrá nr. 279/2005.

Tók gildi 15. mars 2005.

Sérstök gjaldskrá vegna framkvæmdar á samningi um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu hefur nú tekið gildi.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri gjaldskrá.

**IX. Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

Breytt með reglugerð nr. 281/2005.

Tók gildi 15. mars 2005.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á gulrótum og næpum í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<b>Tollnúmer:</b>			<b>kg</b>	<b>%</b>	<b>kr./kg</b>
0706.1000	Gulrætur og næpur	16.03.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**X. Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

Auglýsing nr. 337/2005.

Tók gildi 31. mars 2005.

Gildir til 30. september 2005.

Framlengt bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**XI. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 748/2003 um snyrtivörur, með síðari breytingu.**

Breytt með reglugerð nr. 385/2005.

Tók gildi 20. apríl 2005.

Breytingar voru gerðar á 2. viðauka og 3. viðauka A, en ný efni bættust einnig við 2. viðauka. Þá var nýjum efnum einnig bætt við 6. viðauka og 10. viðauka var bætt við reglugerðina.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**XII. Gjaldskrá fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfa heilbrigðisvottorða.**

Gjaldskrá nr. 405/2005.

Tók gildi 29. apríl 2005.

Sérstök gjaldskrá fyrir vottun til meðhöndlunar og framleiðslu á viði og viðarumbúðum til útflutnings og útgáfa heilbrigðisvottorða hefur nú tekið gildi.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri gjaldskrá.

**XIII. Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 535/2003 um verðjöfnun við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni.**

Breytt með reglugerð nr. 422/2005.

Tók gildi 10. maí 2005.

Með breytingarreglugerð þessari var tollskrárnúmerum 1905.9019 og 1905.9040 bætt við 1. gr. reglugerðarinnar.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

#### **XIV. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.**

Breytt með reglugerð nr. 433/2005.

Tók gildi 10. maí 2005.

Gerðar eru breytingar á orðalagi reglugerðarinnar. Orðalagi 2. másl. 1. gr. reglugerðarinnar er breytt og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 8. mgr. 6. gr. eru felld brott. Þá er hluti af orðalagi í 7. gr. reglugerðarinnar felld brott.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

#### **XV. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 505/1998, um áfengisgjald, með síðari breytingum.**

Breytt með reglugerð nr. 437/2005.

Tók gildi 10. maí 2005.

Þær breytingar eru gerðar að í stað "57,50 kr." í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur: 70,78 kr. Þá bætist við ný grein, 7. gr. og breytist því töluröð annarra greina samkvæmt því. Hin nýja grein hljóðar svo:

*Vangreitt áfengisgjald.*

*7. gr.*

*Sé áfengisgjald ekki greitt á gjalddaga, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 6. gr., skal aðili sæta álagi til viðbótar því gjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef framleiðandi hefur ekki skilað áfengisgjaldsskýrslu eða henni verið ábótavant og áfengisgjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga upphæð er til áætlunar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum.*

*Álag skv. 1. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er, fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%.*

*Sé áfengisgjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknaðir frá og með gjalddaga.*

*Verði vanskil á greiðslu áfengisgjalds skal tollstjóri synja innflytjanda eða framleiðanda um frekari greiðslufrest meðan vanskil vara.*

*Ef um er að ræða ítrekuð eða stórfelld vanskil á greiðslu áfengisgjalds, álags skv. 2. mgr. eða dráttarvaxta skv. 3. mgr. getur tollstjóri án fyrirvara stöðvað tollafgreiðslu á öðrum vörum til skuldara eða látið lögreglu stöðva atvinnurekstur skuldarans m.a. með því að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð, enda telji tollstjóri hagsmuni ríkissjóðs ekki verða tryggð með öðrum hætti.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

#### **XVI. Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 857/1999, um bann við notkun tiltekinna eitrefna og hættulegra efna.**

Breytt með reglugerð nr. 466/2005.

Tók gildi 20. maí 2005.

Breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar og orðast hún nú svo:

*Oheimilt er að framleiða, flytja inn, selja eða nota efni, efnavörur eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af efnum sem talin eru upp í 6. viðauka.*

*Bann skv. 1. mgr. nær ekki til notkunar vöru (hluta) ef hún inniheldur difenýleter, pentabrom- eða oktabromafleiðu.*

*Til 31. mars 2006 nær bann skv. 1. mgr. ekki til notkunar difenýleter, pentabromafleiðu, í útbúnað fyrir neyðarrýmingu flugvéla.*

*Bann skv. 1. mgr. tekur ekki til dí- $\mu$ -oxó-dí-n-bútýltinhýdroxybóran (DBB), ef það er notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### **XVII. Auglýsing um framlengingu banns við innflutningi frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.**

Auglýsing nr. 476/2005.

Tók gildi 25. maí 2005.

Gildir til 30. september 2005.

Framlengt bann við innflutningi á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Kína, Tælandi, Malasíu, Víetnam, Kambódíu, Indónesíu, Laos, Pakistan, Norður Kóreu og Hong Kong vegna Avian Influensu eða fuglaflensu.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

### **XVIII. Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.**

Breytt með reglugerð nr. 480/2005.

Tók gildi 26. maí 2005.

Breytingar voru gerðar á fylgiskjali II við reglugerðina. Eftirfarandi breytingar voru gerðar:

Efni	Annað nafn	D I-II	Hámark án innflutningsleyfis
Acetic anhydride	Ediksýruanhýdríð	D I	100 l
Potassium permanganate	Kalíumpermanganat	D I	100 kg

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### **XIX. Reglugerð um (17.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001 um eftirlit með fódri.**

Breytt með reglugerð nr. 502/2005.

Tók gildi 31. maí 2005.

Breytingar urðu á 1. ml. 1. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar og orðast hún nú svona:

*Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd aðfangaeftirlitsins skal innheimta eftirlitsgjald sem skal vera 0,9% af innflutningsverði (c.i.f.) fódurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% af innflutningsverði (c.i.f.), sem innheimt skal við tollafgreiðslu vörunnar og 0,9% af söluverði innlendra fódurvöru að undanskildu fiskimjöli og lýsi en þar skal gjaldið vera 0,10% (án vsk) af söluverði,*

sem innheimt skal tvisvar á ári samkvæmt söluskýrslum framleiðenda, á eyðublöðum aðfangaeftirlitsins.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**XX. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.**

Reglugerð nr. 515/2005.

Tók gildi 30. maí 2005.

Reglugerðin varðar úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti. Sjá nánar í B deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**XXI. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.**

Reglugerð nr. 516/2005.

Tók gildi 30. maí 2005.

Reglugerðin varðar úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum. Sjá nánar í B deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**XXII. Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.**

Reglugerð nr. 517/2005.

Tók gildi 30. maí 2005.

Reglugerðin varðar úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum. Sjá nánar í B deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

**XXIII. Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.**

Reglugerð nr. 518/2005.

Tók gildi 30. maí 2005.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			stk.	%	kr./kg
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.05 - 31.12.05	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.07.05 - 31.12.05	125.000	30	0

Þá orðast ný 4. gr. svona: *Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á rikissjóð.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.



**XXIV. Auglýsing um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.**

Auglýsing nr. 529/2005.

Tók gildi 10. júní 2005.

Í auglýsingunni er vikið að því hvaða sjávarafurðir ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að flytja inn til landsins, að vissum skilyrðum uppfylltum. Sjá nánar í B deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**XXV. Auglýsing um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.**

Auglýsing nr. 536/2005.

Tók gildi 10. júní 2005.

Í auglýsingunni er kveðið á um að af heilbrigðisástæðum sé bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða dýrafóður. Undantekningu frá þessari reglu er að finna í 3. gr. auglýsingarinnar. Sjá nánar í B deild stjórnartíðinda.

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**XXVI. Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.**

Auglýsing nr. 538/2005.

Tekur gildi 1. júlí 2005.

Auglýsingin hljóðar svo:

*Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2005 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið*

<i>bifreiðabensín</i>	<i>0,36 kr. á lítra</i>
<i>gasolía</i>	<i>0,72 kr. á lítra</i>
<i>aðrar olíur og blöndur til brennslu</i>	<i>0,15 kr. á kg</i>
<i>flugvélabensín</i>	<i>0,10 kr. á lítra</i>
<i>flugsteinolía (potueldsneyti)</i>	<i>0,14 kr. á lítra</i>

*Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifinaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.*

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**XXVI. Reglugerð um (4.) breytingu á reglugerð nr. 791/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.**

Reglugerð nr. 560/2005.

Tók gildi 10. júní 2005.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökunarkartöflum, 65 mm eða stærri, í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollnúmer:			stk.	%	kr./kg
0701.9001	Bökunarkartöflur, 65 mm eða stærri	13.06.05-30.06.05	ótilgr.	0	0

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri reglugerð.

### Sjórvaldsfyrirmæli, birt í C deild stjórnartíðinda:

#### **I. Auglýsing um breytingar á I. og II. viðauka við samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES).**

Auglýsing nr. 5/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar eru birtar sem fylgiskjal við auglýsinguna. Ísland gerði fyrirvara skv. 3. tl. 15. gr. samningsins að tilgreina eftirtaldar tegundir í II. viðauka við samninginn:

Hvalháfur (*Rhincodon typus.*)

Beinhákarl (*Cetorhinus maximus*).

[Smellið hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

#### **II. Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels.**

Auglýsing nr. 55/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að I. viðauka og II. viðauka við fríverslunarsamninginn.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

#### **III. Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu.**

Auglýsing nr. 56/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að starfsreglum og II. viðauka við fríverslunarsamninginn.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

#### **IV. Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens**

Auglýsing nr. 57/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að bókun B við fríverslunarsamninginn.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

#### **V. Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Makedóníu.**

Auglýsing nr. 58/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að starfsreglum, stofnun undirnefndar um tolla- og upprunamál, I.-IV. viðauka og breytinga á bókun A og B.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**VI. Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.**

Auglýsing nr. 59/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að starfsreglum, stofnun undirnefndar um tolla- og upprunamál, I.-II. viðauka og breytinga á bókun A.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**VII. Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu.**

Auglýsing nr. 60/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að bókun B við fríverslunarsamninginn.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**VIII. Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu.**

Auglýsing nr. 61/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Breytingarnar lutu að bókun B við fríverslunarsamninginn.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**IX. Auglýsing um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 2002.**

Auglýsing nr. 62/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Sameiginlega EES-nefndin tók 167 ákvarðanir á árinu 2002 um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Á fylgiskjali með auglýsingunni er gerð grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku þeirra.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

**X. Auglýsing um gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á EES-samningnum sem tekin var með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 2001.**

Auglýsing nr. 63/2003.

Tók gildi 6. janúar 2005.

Gerð er grein fyrir efni ákvörðunarinnar og gildistöku hennar í fylgiskjali með auglýsingunni.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal með framangreindri auglýsingu.

## Annað:

### **I. Eyðublöð vegna tollafgreiðslu skipa.**

Vakin er athygli á því að ný eyðublöð hafa verið gefin út samkvæmt reglugerð 869/2004 um formsatiði við skýrslugjöf að því er varðar skip sem koma í og/eða láta úr höfn í ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Eyðublöðin er að finna á vefsíðu tollstjórans í Reykjavík (tollur.is) undir “fréttir/annað efni/eyðublöð” og eru númer eyðublaðanna T01 til T09.

### **II. Ný tollalög.**

Vakin er athygli að búið er að samþykkja ný tollalög á Alþingi. Löggin hafa ekki enn verið birt í Stjórnartíðindum, en unnt er að nálgast þau á heimasíðu Alþingis. Þar eru löggin birt með tollskránni sem viðauka.

[Smelltu hér](#) til að fá upp skjal af heimasíðu Alþingis með framangreindum lögum.